

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna stækkunar verslunar og þjónustu í landi Hofstaða.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. október 2025 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. febrúar 2025.

Í breytingunni felst að verslun og þjónusta VP-8 stækkar úr 2,1 ha í 5 ha og byggingarmagn eykst úr 2.000 m<sup>2</sup> í 2.500 m<sup>2</sup>. Landbúnaðarsvæði L1 minnkar sem því nemur. Gerð verður breyting á sveitarfélagsuppdrætti þar sem VP-8 verður fláki í stað punktmerkingar auk þess sem heiti reitsins verður breytt úr Hofstaðaseli í Hofstaði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 9. október 2025.*

**Ólafur Árnason.**

---

B deild - Útgáfudagur: 23. október 2025